



Reykjavíkurborg
Minjasafn Reykjavíkur

Alþingi
Erindi nr. P 135/1895
komudagur 27.3.2008

Reykjavík, 26. mars 2008
2008030008
043

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Pingsályktunartillaga um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða.
Umsögn.

Óskað er umsagnar um ***pingsályktunartillögu um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál,***

Í pingsályktunartillögunni er lagt til að prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða verði sett á stofn við Háskóla Íslands og verði tengt Byggðasafninu í Skógum undir Eyjafjöllum.


Bent skal á að á undanförunum árum hefur *safnafræði* verið kennd við þjóðfræðiskor við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. *Safnafræði (museologi)* er fræðigrein sem fjallar um söfn af öllu tagi og eru byggðasöfn meðal þeirra safna sem safnafræði fjallar um. Það er því ekki ástæða til að stofna sérstakt prófessorsembætti á sviði byggðasafna, frekar en einhverja aðra einstaka gerð safna.

Unnið er að því að byggja upp kennslu í safnafræði á meistarastigi við Háskóla Íslands og er starfandi samstarfshópur félagsvísindadeildar sem í eiga sæti fulltrúar höfuðsafnanna, Safnaráði, safna Reykjavíkurborgar, Félags íslenskra safna og safnmanna og Félags íslenskra safnafræðinga. Hefur hópurinn unnið tilögu að skipulagi slíks náms og kynnt yfiröldum safnamála og háskólaráði Háskóla Íslands. Hafa tillögurnar hlotið góðar undirtektir enda flestir sammála því að mikilvægt er að koma á námi í safnafræðum á Íslandi, en ekki hefur tekist að fjármagna námsbraut í safnafræðum til þessa. Því er bent á að ef Alþingi vill hlutast til að koma á fót námi í safnafræðum væri nær að stuðla að því unnt verið að stofnan til meistaránáms í safnafræðum við Háskóla Íslands, sem þegar er hafinn undirbúningur að. Með því yrði unnið markvisst að því að efla menntun þeirra sem starfa á söfnum á Íslandi og byggja upp þekkingu í safnafræðum, sem mikil þörf er á.

Varðandi það að tengja prófessorsembætti einu safni, Byggðasafninu að Skógum, skal bent á að það hlýtur að vera ákvörðun þess háskóla sem annast kennslu í safnafræðum að að efna til

samstarfs við söfn á öllum sviðum safnastarfs, minja- lista og náttúrufræðisöfn, og leita þá til þeirra safna sem hafa faglega burði til að taka að sér þjálfun og kennslu nema í safnafræðum. Má hér benda á það að helstu söfn landsins eru í Reykjavík, þar á meðal höfuðsöfnin Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúrufræðisafn Íslands og söfn Reykjavíkurborgar, en á þessum söfnum starfa sérfræðingar á öllum sviðum safnastarfs.

Virðingarfyllt



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
borgarminjavörður